# REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 410/2008 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti.

1. gr.

Ákvæði 7. mgr. 3. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:
Eftirlitsaðilar eru Umhverfis- og orkustofnun og faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 58. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Ákvæði 4. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:
*Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar*
Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

3. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 2. mgr. 5. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Í stað orðanna „og eftir því sem við á hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd skulu“ í 2. mgr. 8. gr. kemur: skal.

5. gr.

Ákvæði 9. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:
Sveitarstjórnum ber að skila upplýsingum um niðurstöður mengunarvarnaeftirlits og mælingu á umhverfisgæðum til Umhverfis- og orkustofnunar í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar, séu slíkar mælingar framkvæmdar á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

*Lagastoð, gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarstjórna.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [ ] 2026*